

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	30.10.2017
Málalýkill	11.30
Mál nr.	1606484



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Garðabær
Guðjón Erling Friðriksson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 26. október 2017
Tilv.: MMRI7070116/12.13.7-

Efni: Verndarsvæði í byggð

Með vísan til erindis yðar, dags. 24. júlí 2017 hefur mennta- og menningarmálaráðherra fallist á tillögu Garðabæjar um að Garðahverfi verði gert að verndarsvæði í byggð með vísan til ákvæða laga nr. 87/2015. Staðfestingarskjalið var undirritað 24. október 2017.

Meðfylgjandi er staðfestingarskjal á ákvörðun ráðherra um að *Garðahverfi á Álftanesi* verði sérstakt verndarsvæði innan sveitarfélagsins. Einnig er meðfylgjandi umsögn Minjastofnunar Íslands um tillöguna þar sem lagt er til að ráðherra samþykki tillöguna. Athygli yðar er þó vakin á því að stofnunin telur að endurskoða þurfi skilmála um ný hús með tilliti til aðstæðna á hverjum stað og að kveða megi nánar um það í verndaráætlun fyrir svæðið.

Ráðuneytið mun birta ákvörðun ráðherra í Stjórnartíðindum með auglýsingu, sbr. 5. mgr. 4. gr. laganna.

Fyrir hönd ráðherra

Karitas H. Gunnarsdóttir
Karitas H. Gunnarsdóttir

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir
Ragnheiður Helga Þórarinsdóttir

Fylgiskj.: Friðunarskjal
Umsögn Minjastofnunar Íslands

Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Áb.	KMP
12. OKT. 2017	
Tilv.: MMR	17070116
Db.	12.13.7



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Karitas H. Gunnarsdóttir skrifstofustjóri
Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2017
Tilvísun: 4679 / 201709-0106

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Garðahverfi á Álftanesi, tillaga um verndarsvæði í byggð.

Í bréfi 27. september 2017 óskar Karitas H. Gunnarsdóttir, f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu bæjarstjórnar Garðabæjar að verndarsvæði í Garðahverfi á Álftanesi í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga um um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 (lögin).

Við vinnslu tillögunnar hefur Minjastofnun veitt Garðabæ ráðgjöf um mat á varðveislugildi byggðarinnar í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. laganna og leiðbeiningarrit Minjastofnunar nr. 3/2017: Verndarsvæði í byggð - tillaga og greinargerð. Garðabæ var veittur styrkur úr húsafriðunarsjóði árið 2016 að upphæð kr. 4.500.000 til undirbúnings tillögu um verndarsvæði í byggð.


Við mat á tillögum um verndarsvæði í byggð hefur Minjastofnun litið eftirtalinna þátta: afmörkunar verndarsvæðis, gagna sem liggja til grundvallar, þ.m.t. fornleifaskráningar, húsakönnunar, mats á varðveislugildi og skilmála um verndun og uppbyggingu innan marka verndarsvæðisins.

Með tillögu bæjarstjórnar Garðabæjar að verndarsvæði í byggð fylgir greinargerð deiliskipulags Garðahverfis á Álftanesi frá 2013. Í tillögunni er vísað í skilmála deiliskipulagsins og þeir látnir gilda sem skilmálar um verndun og uppbyggingu fyrir verndarsvæðið. Tillagan er að mati Minjastofnunar vel unnin og gerir grein fyrir öllum þeim þáttum sem stofnunin lífur til. Að baki tillögunni liggur vönduð og ítarleg úttekt á menningu, náttúru og umhverfi. Afmörkun svæðisins er vel rökstudd og tekur mið af staðháttum og sérkennum byggðarinnar. Í tillögunni er lagt mat á varðveislugildi byggðarinnar út frá þeim matsþáttum sem tilgreindir eru í leiðbeiningarriti Minjastofnunar. Sú niðurstaða varðveislumats að Garðahverfi í heild hafi miðlungs varðveislugildi er að mati Minjastofnunar varfærin þegar tillit er tekið til sérstöðu byggðarinnar á höfuðborgarsvæðinu og á landsvísu.

Skilmálar um uppbyggingu innan verndarsvæðisins eru til þess fallnir að styðja markmið tillögunar um verndun og styrkingu svipmóts hinnar sögulegu byggðar. Minjastofnun bendir á að í skilmálum um nýbyggingar á bæjartorfum í kafla 5.6.3. í greinargerð með deiliskipulagi er einungis gert ráð fyrir einni gerð húsa. Ekki er sjálfsgefið að sú húsagerð eigi við í öllum tilvikum og verður því að gera ráð fyrir því að endurskoða þurfi skilmála um ný hús með tilliti til aðstæðna á hverjum stað. Kveða má nánar um það í verndaráætlun fyrir svæðið.

Minjastofnun Íslands mælir með því við mennta- og menningarmálaráðherra að hann stöðfesti tillögu bæjarstjórnar Garðabæjar að verndarsvæði í byggð í Garðahverfi á Álftanesi á grundvelli framlagðrar tillögu og greinargerðar frá 24. júlí 2017.

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður



Guðný Gerður Gunnarsdóttir
minjavörður Reykjavíkur og nágrennis